



Skautasamband Íslands  
Engjavegi 6,  
104 Reykjavík, Ísland

## **Skýrsla stjórnar Skautasambandsins tímabilið 2008-2009.**

Í stjórn á liðnu starfsári voru eftirtaldir aðilar:

June Eva Clark	formaður
Borghildur Fjóla Kristjánsdóttir	varaformaður
Sigríður Matthildur Guðjohnssen	gjaldkeri
Sigrún Inga Mogensen	ritari
Inga Randversdóttir	meðstjórnandi

### **Varamenn:**

Kristín Linda Kristinsdóttir  
Erlendína Kristjánsson  
Vala Dögg Jónsdóttir

Undirrituð fór á ISU þing í júní sl. með mér í för var Sigrún Inga Mogensen. Formenn ásamt „General Secretaries“ sérsambanda mæta yfirleitt á þingin ásamt því að dómara/tæknifólk sem starfa innan sérsambandanna í stjórnnum eða nefndum, sitja einnig þingið allt eftir því hve mikið fjármagn sérsamböndin hafa til að senda áheyrnarfulltrúa. Elísabet Eyjólfisdóttir slóst í för með okkur á sinn kostnað þar sem það var henni mikið kappsmál að kynna nýjan formann með hag ÍSS fyrst og fremst í huga. Við fengum aðild að ISU árið 2000 og Elísabet var aðaldriffjöðurinn í því að ÍSS var samþykkt inn í ISU. Hún þekkir af eigin raun hversu erfitt það getur reynst að mæta á þing ókunnugur öllum sem þar eru og hvernig þetta gengur fyrir sig. Dagskráin var stíf, keyrt á fundum alla vikuna frá 9 að morgni fram til 17/18 á daginn. Ég tel að Elísabet eigi miklar þakkir skyldar fyrir sitt framlag til ÍSS gegnum árin, oftast en ekki á sinn eigin kostnað og með íþróttina að leiðarljósi. Og vil bæta við þetta, bæði til gamans og í alvöru, að þar sem við þrjár þekkjumst frá fornu fari í gegnum íþróttina þá gistum við í 3ja manna herbergi...í elsta hluta Monaco, við landamæri Frakklands..þar sem töskurnar okkar komust vart inni herbergið, eftir að hafa klöngrast með þær upp snarbratta þrönga stiga uppá 4 hæð, en kostnaður ÍSS var þar af leiðandi í algjöru lágmarki og fínt að ganga í hálf tíma á kvöldin, heim á leið eftir setu allan daginn. Ráðstefnu hótelið var í hæsta gæðaflokki við landamæri Ítalíu en okkar fannst ÍSS geta notað peninginn frekar í annað þarfara í stað þess að sofa á einhverju glæsihóteli með einkaströnd.

Mjög gott var að kynnast fólki auglitis til auglitis sem stjórna og ráða í hinum ýmsu nefndum og ráðum innan ISU. Formaður ÍSS þarf að hafa mikil samskipti við ISU, það þarf að skila reglulega skýrslum auk ýmissa annarra upplýsinga og gagna sem við erum skuldbindin til þess að skila og senda til ISU. Við uppskárur í þetta sinn styrk frá ISU, samvinnuþróunarverkefni til eflingar á samhæðum skautadansi á Íslandi og fengum til landsins sl. haust Shelley Barnett, sem þjálfar m.a. Nexxice, sem er landslið Kanada, en þær hampa heimsmeistaratitlinum nú í ár.

Í ágúst, stóð til að senda, Dönu Rut Gunnarsdóttur á Junior Grand Prix í Frakklandi en vegna meiðsla viku fyrir áætlaða brottför þurftum við að afturkalla skráningu hennar.

13 ágúst 2008 er sögulegur dagur í sögu ÍSS en þá fengum við samþykktan okkar fyrsta ISU International dómara, hana Guðbjörtu Erlendsdóttur, við erum ákaflega stoltar af henni og hennar störfum fyrir sambandið.

Undir lok ágústmánaðar sendum við 2 dómara á námskeið í Danmörku: Sigríði Maríu Fortescue og Svövu Hróðnýju Jónsdóttur ásamt 2 Tæknidómurum(TS) Lindu Viðarsdóttur og Ásdísi Rós Clark. Maria Mclean og Hely Abbondati sáu um námskeiðið en þær eru báðar með réttindi frá ISU. Linda og Ásdís Rós dæmdu sem TS/aTS á nokkrum mótum í Svíþjóð á á sl. vetri.

Um miðjan september kom Maria Mclean til landsins og hélt þjálfaranámskeið fyrir okkur: Sérgreinahluta 1C, námskeiðið fór fram á Akureyri þar sem 8 tóku þátt og luku þar með 1. Stigi -sérgreinahlutanum. Þessa sömu helgi voru einnig Grunnpróf ÍSS þreytt í annað sinn á heimavelli skautaranna og gengu vel.

Þriðju helgina í september kom Shelley til landsins eins og fyrr hefur komið fram og var með námskeið í Egilshöllinni með sychroþjálfurum frá SR: Kristínu Ómarsdóttur og Hrönn Þorgeirsdóttur og þjálfurum frá Birninum: Sólveigu Dröfn Andrésdóttur og Sunnu Björk Mogensen, ásamt Novice liði Bjarnarins: Frostrósum.

Í lok september var haldið dómaranámskeið í ÍSÍ húsinu, Lieve Lindberg og Laila Davidson, sáu alfarið um námskeiðið, undirbúning og að útbúa prófin. Námskeiðið var mjög vel sótt og allir sem sátu námskeiðið töldu það mjög gott og lærdómsríkt. ISU kemur oft út með breyttar reglur síðsumars og því er nauðsynlegt að fara vel yfir allar reglur fyrir komandi keppnistímabil.

Stjórn ÍSS hefur ákveðið að hafa þetta svipað héraðs og annars staðar. Þ.e.a.s., dómara þurfi að endurmennta sig árlega, sækja þau námskeið sem ÍSS býður uppá fyrir dómara og taka próf til þess að öðlast réttindi sem ÍSS dómari ár hvert. Dómararáð hefur tekið til starfa og munu skýrari línur með t.d. flokkaröðun dómara og tæknifólks liggja fyrir næsta haust auk fjölda annarra verkefna sem verða á þeirra hendi. Þjálfararáð ætti að hafa lokið

störfum, en skyldudans fyrir 10C hefur enn ekki verið skilað tilbúnum, vonir standa til að hægt verði að dreifa skyldudönsum í næstu viku.

Í október byrjun var fyrsta mót vetrarins haldið: Haustmót ÍSS og fór það fram á Akureyri. Ég læt formanni Mótanefndar það eftir að skýra betur frá mótum vetrarins. En vil samt segja frá því að ÍSS mót næsta tímabils eru í endurskoðun og líklegt að á haustmánuðum verði 3 ÍSS mót, sem skiptast jafnt á milli aðildarféлага og á vormánuðum 1 sambandsmót sem hvert félag er framkvæmdaaðili að á 3ja ára fresti. Við teljum að með þessari skiptingu sé félögunum gert jafnt undir höfði og síðast enn ekki síst keppendum, þ.e.a.s. hver keppandi fær að keppa á einu ÍSS móti á heimavelli að hausti, sem okkur þykir sanngirnismál m.a. vegna þess að þegar ÍSS velur keppendur til keppni erlendis er tekið mið af frammistöðum á þeim mótum sem fara fram fyrir áramót.

15-18 október fór 1 keppandi: Helga Jóhannsdóttir ásamt þjálfara sínum Helgu Margréti Clarke til Englands. Helga Jóhannsd. tók þar þátt í Junior Grand Prix og gekk vel. Hún er þar með 3ji íslenski skautarinn sem hefur keppt á JGP, áður hafði Audrey Freyja Clarke farið á JGP og Sigurlaug Árnadóttir þar á undan en hún er jafnframt fyrsti íslenski skautarinn sem send var til keppni á JGP og gerði það ef ég man rétt ekki einu sinni heldur 2svar og gekk mjög vel. Sigurlaug er jafnframt eini íslenski skautarinn sem hefur skilað Axel2 á mótum fram til þessa og að sjálfsögðu vonumst við til þess að fleiri fylgi í kjölfarið og bæti jafnvel við þreföldum stökkum.

Maria Mclean kom sem tæknidómari á Bikarmótið í nóvember sem fór fram í Reykjavík. Samhliða mótinu var upprifjunarnámskeið fyrir alla þjálfara aðildarféлага þar sem farið var yfir Grunnprófin –mynstrin eða „figures“ á ís fyrir próf inn í Barnaflokka. Auk þess voru æfingarnar eða mynstrin fyrir þá flokka sem keppa samkvæmt ISU eða Novice, Junior og Senior kynntar/kenndar á ís þar sem próf í þá flokka ásamt B flokkum eldri keppenda hefjast n.k. vor.

Í árslok varð það að samkomulagi á milli ÍSS og Mariu Mclean að framlengja ekki samningnum við hana, en þessi ákvörðun var tekin m.a. í kjölfar efnahagaástandsins. Maria Mclean hefur unnið mikið og gott ráðgjafarstarf fyrir ÍSS mörg undanfarin ár, svo ég nefni nokkur dæmi: Þjálfaramenntun 1.stig og undirbúning fyrir 2.stig., Skautum Regnbogann og Grunnpróf ÍSS. Öll sú vinna sem hún hefur unnið fyrir ÍSS er byggð á hennar sérþekkingu í tugi ára sem fyrrverandi skautari, keppandi á stórmótum, þjálfari og ISU dómari, ásamt því að tekið var mið af því hvernig þessu er háttað í nágrannalöndum okkar og í e-h tilfellum hefur verið tekið mið af Kanada, enda er engin ástæða fyrir því að ÍSS, svo ungt samband sem það er, sé að finna upp hjólið, heldur hefur þess í stað verið tekið mið af því sem virkar annars staðar, hefur reynst vel og verið notað jafnvel í tugi ára. Maria Mclean er tilbúin til þess að vinna einstök verkefni fyrir ÍSS, hún mun fylgja eftir Grunnprófinu og kemur því næsta vor.

Norðurlandamótið í listhlaupi á skautum 2009 fór fram í Malmö í Svíþjóð, 5-8 febrúar. ÍSS skráði 6 keppendur fyrir Íslands hönd á mótið: 3 keppendur í Junior: Dönu Rut Gunnarsdóttur, Guðbjörgu Guttormsdóttur og Írisi Köru Heiðarsdóttir og 3 keppendur í Novice; Helgu Jóhannsdóttur, Írisi Lóu Eskin og Sunnu Hrund Sverrisdóttur, þær stóðu sig allar með ágætum og gerðu sitt besta. Með þeim í för voru þjálfarar þeirra; Erlendína Kristjánsson, Guillaume Kermen og Helga Margrét Clarke ásamt undirritaðir sem fararstjóra og fulltrúi ÍSS á Norræna fomanafundinum sem ávallt er haldinn samhliða NM. Guðbjört Erlendsdóttir var dómari Íslands, hún dæmdi í öllum flokkum á mótinu nema í flokki Novice drengja. Á formannafundinum á NM2009 var ákveðið að senda inn til ISU beiðni um að Senior keppnisflokkar á NM yrðu viðurkenndir af ISU sem stigamót inná HM, ástæða þessarar ákvörðunar var tekin m.a. vegna þess að við viljum sjá bestu skautara Norðurlandanna keppa á NM. Það hefur verið tilhneiging til þess sl. ár að þeir sem eru á leið eða stefna á HM eru ekki skráðir til keppni á NM, eða skráðir og teknir út þar sem þeir eru sendir á stigamót í staðinn. Þessu viljum við breyta svo að við fáum að sjá bestu skautara Norðurlandana á NM, sem þýðir væntanlega að fleiri áhorfendur mæta til að sjá þá bestu, iðkendur hafa möguleika á því að sjá þá bestu og við teljum einnig að það muni auðvelda okkur að afla tekna/styrkja fyrir NM þegar skautarar á heimsmælikvarða eru þátttakendur og síðast en ekki síst auðvelda okkur að fá fjölmiðla til að gera mótinu góð skil. Ef þetta verður samþykkt af ISU verður skauturum utan Norðurlandanna einnig boðin þátttaka í Senior.

Norrænt samstarf er mjög mikilvægt fyrir okkur öll, þjóðirnar standa saman svo sem á ISU þingum og t.d. umsóknum um styrki til ISU fyrir samvinnuverkefni til eflingar íþróttarinnar á Norðurlöndunum auk samstarfs um hin ýmsu mál s.s. þjálfaraupplýsingar, fræðslu fyrir dómara og tæknidómara svo eitthvað sé nefnt. Í burðarliðnum er að hefja aftur verkefni svipað því sem var hér á árum áður og einhverjir muna kannski eftir en það var kallað „Finlandsverkefnið“ undirbúningur er hafinn og Íslandi hefur verið boðið að vera með, ef af verður. Segi þetta hér og nú með þeim fyrirvara að þetta er allt á byrjunarstigi, en aðilar innan ISU hafa tekið vel í þetta og nú þarf bara að ganga frá allri pappírsvinnu og fá samþykki ISU um styrk fyrir verkefnið ásamt því að sú stjórn ÍSS sem tekur við í ár og á næstu árum þurfa að ræða þetta og taka ákvarðanir í framhaldinu ef til kemur.

Öll vinna við stærri verkefni og ákvarðanir eru ekki eitthvað sem hver sitjandi stjórn ÍSS ákveður eða hristir fram úr erminni á einu starfsári og framkvæmir. Undirbúningsvinna við stærri verkefni eru unnin í nokkur ár og síðan eru það komandi stjórnir sem taka við, þróa og fylgja málum eftir og loks þegar allt er tilbúið er farið af stað með verkefnin. Sem dæmi vil ég nefna Grunnpróf ÍSS en undirbúningur að þeim hófst um leið og verkefnið Skautum Regnbogann var að verða tilbúið eða árið 2004 þar sem hafist var handa við undirbúning að þeim. Ég vil undirstrika eitt mikilvægt atriði en þeir sem eru búnir með alla skautana í Skautum Regnbogann eða hafa náð hvíta skautanum ættu í öllum tilfellum að hafa tileinkað sér góða grunnskautun og ná grunnprófi í B keppnisflokk. Skipaðar voru

nefndir þar sem þjálfarar allra félaga og dómara komu að undirbúningi og allri gerð að Grunnprófunum í samræmi við íslenska skautara og getu þeirra. Æfingarnar voru kynntar á ís í nokkur skipti og loks voru fyrstu prófin þreytt á vormánuðum 2008 þannig að ferlið tók u.þ.b. 4 ár í undirbúning sem hlýtur að teljast nokkuð gott og við spöruðum okkur öllum mikinn tíma og kostnað þar sem við fundum ekki upp prófakerfið heldur var tekið mið af því sem hafði reynst vel og virkar annar staðar.

Næsta vor eða 2010 verða loks komin próf í alla flokka til þess að öðlast þátttökurétt á sambandsmótum, 6 ár hafa þá farið í það að innleiða Grunnpróf ÍSS.

Grunnprófin sem fóru fram nú í vor tókust í heildina séð mjög vel og er mjög gleðilegt að segja frá því að þjálfarar allra félaga eru að kenna mynstrin rétt. Það sem helst vantar uppá ef niðurstöður eru skoðaðar er Grunnskautun,

Þessi niðurstaða ætti ekki að koma mikið á óvart neinum þeim sem starfa sem þjálfarar héraendis, eða hafa fylgst með íþróttinni. Skauturum hefur farið fram en það þarf að æfa grunnskautun ávallt og oft í viku hverri og hefur verið hamrað á því stöðugt í fjölda ára. ÍSS hefur t.d. tvisvar fengið til landsins Anne Shelter en hún er þar fremst í flokki þ.e. við kennslu á grunnskautun, kennsluefni hennar var keypt og öll félögin ættu að hafa notað það, ef ekki, þá er spurning hvort ekki sé rétt að dusta rykið af þeim kennslugögnum, ekki þarf aukaístíma, hægt er að nota grunnskauta-æfingar hennar t.d. í upphitunartíma á hverri ísæfingu.

Grunnpróf ÍSS ættu stjórnir félaganna, þjálfarar og stjórn ÍSS að horfa á sem gott verkfæri og nýta sér til að bæta þá þætti sem þarf að laga og sýnilegt að er óbótavant. Svo sem með námskeiðum með áheyrslum á þá þætti sem niðurstaða prófana gefur til kynna að sé mest óbótavant hverju sinni. Grunnpróf in ættu einnig að auðvelda innra starf félaganna þ.e. fyrir stjórnir og þjálfara t.d. niðurröðun í æfingaflokka og iðkendur ásamt því að foreldrar vita og skilja betur hvað þarf til. Félögin hafa verið að auka innanfélagsmót og millifélagamót og þar ætti og á að vera vettvangur fyrir alla sem vilja keppa að taka þátt í keppni, óháð aldri, getu eða hvort að viðkomandi hafi Grunnpróf eða ekki.

Það verða ekki allir Afreksskautarar og útilokað að vinna það þannig að allir séu jafnt settir. Við þurfum að gera ráð fyrir öllum, Afreksskauturum, góðum skauturum, tólmstundaskauturum og þeim sem vilja læra og æfa skauta en ekki taka þátt á mótum.

Til þess að öðlast keppnisrétt á sambandsmótum þurfa skautarar að geta sýnt frammá ákveðna lágmarksfærni, þ.e. hafa góða grunnskautun og þau element sem gerður eru kröfur til að séu til staðar að lágmarki. Þetta er ekkert nýtt, en það sem er nýtt eða réttara sagt hefur undið uppá sig nú í einhvern tíma er að orðið lágmarkskrafa hefur eilítið skolast til og misskilist. Undanfarin ár hefur fjöldi keppanda á mótum ÍSS aukist og stór hluti keppenda hefur ekki sýnt frammá lágmarksskröfur. Þetta er því miður dapurleg staðreynd og þeir dómara og tæknifólk sem komið hafa hingað til lands og dæmt á mótum, hafa hreint úr sagt orðið bálreiðir og móðgaðir og skilja ekki afhverju þeim er boðið uppá það að horfa á hvern skautarann á fætur öðrum sem er ekki með getu nánda nærri lágmarksskröfum sem þeir fullyrða að sé ekki vegna þess að það sé greinilega ekki „hans

dagur“ Með tilkomu Grunnprófa ætti þetta að heyra sögunni til en þó verða alltaf einhverjir sem eiga slæm mót.

Sambandið horfir til framtíðar og metnaður okkar liggur í því að Afreksskautarar keppi í A flokkum og góðir skautarar í B flokkum. Markmið okkar er að einstaklings keppendur nái inná ISU stórmót í nánustu framtíð og að það líði ekki langur tími þar til að íslenskir keppendur færi sig upp um sæti í úrslitum á NM en vermi ekki alltaf neðstu sætin.

Mörg verkefni eru framundan hjá ÍSS, eins og undanfarin ár þarf að halda námskeið fyrir þjálfara, dómara / tæknifólk, Skautum Regnbogann-teljum við að tímabært sé að halda endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi þjálfara og eins fyrir þá sem hafa bæst í hópinn. Endurskoða þarf kennslufni í sérgreinahluta 1. Stig, uppfæra og bæta, og klára skilgreiningu og námsefni fyrir sérgreinahluta 2. Stig. Skilgreiningar á störfum hinna ýmsu nefnda og ráða ÍSS þarf að setja niður á blað. Siðareglur þjálfara, dómara og annarra sem starfa innan íþróttarinnar þarf að gefa út. Uppfærsla á Handbók um mótahald verður að klára fyrir næsta tímabil. Stjórn ÍSS þarf að gefa út á hvaða mót stefnt verði að því að senda keppendur á næsta tímabili og hvaða reglur gilda um val á keppendum á þau mót.

Sameiginlegt baráttumál aðildarfélaganna og ÍSS er og verður áfram meiri ístími, það er staðreynd að iðkendur í listhlaupi á skautum búa ekki við sama aðbúnað og flest önnur ungmenni sem æfa íþróttir hérlendis. Við verðum að geta tryggt það að 11 mánuði ársins verði hægt að æfa á ís og að fjöldi æfinga per viku verði aukinn umtalsvert.

Nauðsynlegt er að hægt verði að bjóða öllum iðkendum uppá fleiri æfingartíma á ís.

Skautaskólum verður að vera hægt bjóða uppá fleiri en einn tíma í viku, þar sem það er nauðsynlegt að byrja grunninn snemma og vinna með þeim börnum gott grunnstarf þar sem það styrkir stöðu skautarans og skilar betri útkomu þegar á líður

Samhæfður skautadans hefur verið endurvakin á Íslandi og er nú æfður hjá 2 félögum, þar geta góðir skautarar æft og keppt sem lið og jafnvel tekið þátt á stórmótum ISU framundir og yfir 30 ára aldur.

Íslensk börn og ungmenni eru ekkert frábrugðin ungmönnum nágrannaríkja okkar og því mjög líklegt að fjöldi þeirra sem ná ISU lágmarkskröfum inní Senior, Junior eða Novice í einstaklingskeppni verði ekki stór, því þurfa félögin og ÍSS að huga vel að þeim sem hafa æft í fjölda ára og ná ekki ISU kröfum, svo sem með því að finna mót sem þau geta tekið þátt á erlendis á vegum félagsins í samvinnu við ÍSS. Það er mjög dýrmætt og ómetanlegt fyrir okkur öll þ.e. félögin og ÍSS að halda iðkendum inní íþróttinni og sporna við brottfalli þeirra sem hafa æft í fjölda ára en ná ekki inná ISU mót, þar sem meiri líkur verða þá á því að við höfum einstaklinga sem sýna áhuga á því að starfa sem t.d. þjálfarar eða dómara.

Afreksskautarar okkar verða og þurfa að æfa 12-14 tíma á viku á ís til þess að verða betur samkeppnisfær erlendis, þetta er staðreynd, það er alveg sama hversu góðan þjálfara þeir

hafa að þeir ná ekki þeirri færni sem til þarf nema með því að æfa af kappi, á ís, afis æfingar og ballet. Listhlaup á skautum er falleg en margþætt og erfið einstaklings íþróttagrein, þar sem afreksskautarinn þarf að hafa marga þætti á hreinu og til staðar s.s.: liðleika, snerpu, styrk, tæknilega færni, góða grunnskautun, tóneyra, tjáningu, keppnisskap og síðast en ekki síst fyrir þá sem skara frammúr þá kostar þetta allt dágóðan skilding sem foreldrar þurfa að greiða auk þess að styðja við einstaklinginn 100%

ÍSS er tæp 15 ára, margt sem hefur verið gert en alltaf er þó nokkuð sem er óklárað eða í vinnslu.

Að lokum vil ég vitna í lög ÍSÍ 53. grein, þar sem hlutverk og skyldur ÍSS m.a. eru upplistaðar og minna alla viðstadda á það að stjórnarmenn og konur í ÍSS gegna ekki hlutverki sem fulltrúar ákveðins félags eða fara með hagsmuni þess innan ÍSS, og vonast ég til að sá miskilningur sem virðist ríkja, leiðréttist hér og nú.

Greinin hljóðar svo:

53.5. Hlutverk sérsambanda er í meginatriðum:

- a. Að vinna að stofnun nýrra sérráða og efla á annan hátt viðkomandi sérgrein í landinu.
- b. Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.
- c. Að vera fulltrúi íþróttagreinar sinnar gagnvart útlöndum og sjá um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur.

Fyrir þinginu liggja nokkrar tillögur að reglugerðarbreytingum frá Stjórn ÍSS og ein frá SR. Ég get ekki látið hjá líða og verð að lýsa undrun minni á því að stjórn aðildarfélags arki inná fund með fulltrúa ÍSÍ og beri það á borð að ÍSS sé að bera fram reglugerðarbreytingar og leikreglur í trássi við lög og tilmæli ÍSÍ og verið sé að meina börnum þátttöku á mótum. ÍSS hefur ávallt unnið allt sitt starf þar sem lög ÍSÍ og ISU eru í heiðri höfð og er eitt af þeim sérsamböndum sem hefur farið að öllu leyti eftir tilmælum ÍSÍ um þáttöku barna og unglinga á mótum, veitingu verðlauna og krýningu Íslandsmeistara. Stjórn ÍSS hefur ekki lagt til að breyting verði þar á og ekkert slíkt liggur fyrir.

Ég vil í lokin, þakka samstarfsfólki mínu í stjórn ÍSS sl. vetur fyrir mikið og gott starf, þar sem unnið var af heiðarleika, skoðanir allra voru virtar og niðurstöðum náð með hag heildarinnar og framtíðarsýn íþróttarinnar í huga. Ég vil einnig nota tækifærið og óska þeim velfarnarðar í störfum sínum í framtíðinni hver sem þau verða og vona að íþróttin fái að njóta krafta þeirra áfram.

Þakka áheyrnina

Reykjavík, 23. maí 2009

June Eva Clark, formaður Skautasambands Íslands